

Sp. 341. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]

um rannsókn á möguleikum til virkjunar Skaftár og Hverfisfljóts.

Flm.: Jón Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að sem fyrst verði rannsakaðir möguleikar til virkjunar á vatnasvæði Skaftár og Hverfisfljóts.

Greinargerð.

Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á möguleikum til virkjunar á vatnasvæði Skaftár og Hverfisfljóts. Fyrstu tildrög þeirra athugana var áhugi á að veita vatni úr Skaftá í Tungná til þess að auka vatnsmagn á Búrfellsvirkjun og væntanlegar virkjanir í Tungná. Í því skyni var mældur og kortlagður efri hlutinn af vatnasvæði Skaftár, en niðurstöður þeirra mælinga leiddu í ljós, að slík veita kom ekki til greina.

Þegar það lá fyrir var farið að athuga nánar, hvort ekki mætti nýta til virkjunar á annan hátt vatnsmagn Skaftár og Hverfisfljóts, ásamt miklum miðlunarmöguleikum í Langasjó.

Hafa starfsmenn Orkustofnunar og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen sett fram hugmyndir um allt að 300—400 MW virkjun með lágum virkjunarkostnaði miðað við afl. En til þess að hægt sé að gera nákvæmar áætlanir um slíka virkjun þarf að kortleggja það sem eftir er af svæðinu og rannsaka alla þætti málsins miklu betur. Engu að síður er augljóst, að þarna eru fyrir hendi einhverjar bestu aðstæður hér á landi til framleiðslu á mikilli og ódýrri orku, ef engir sérstakir annmarkar eru á að nýta þær aðstæður.

Þrátt fyrir efnahagserfiðleika verjum við Íslendingar nú miklu fjármagni til virkjunarframkvæmda til þess að hagnýta þessi gæði landsins og spara innflutning. Og gert er ráð fyrir að halda áfram á þeirri braut. En til þess að fjármagnið nýtist sem best, þurfa, áður en ákvörðun um hverja einstaka framkvæmd er tekin, að liggja fyrir ítarlegar undirbúningsrannsóknir ásamt heildaryfirliti um þá möguleika, sem til greina koma, svo að farin verði hagkvæmasta leiðin hverju sinni.

Enn fremur er nú mjög rætt um samtengingu alls landsins í eitt raforkusvæði og framkvæmdir við það þegar hafnar. En þá er nauðsynlegt að reyna að gera sér grein fyrir því, hvar líklegt er að næsta orkuver verði reist, svo að hægt sé að miða við það.

Það er því tvímælalaust nauðsynlegt, að sem fyrst verði rannsakaðir möguleikar til virkjunar í Skaftá og Hverfisfljóti, þar sem þar getur verið um að ræða stóran þátt í orkuframleiðslu okkar.